

BLÁSKÓGABYGGÐ

Hlaughtunga - Deiliskipulag ferðapjónustusvæðis



Afstöðumynd, mkv. 1:2000.

Greinargerð

Inngangur

Um er að ræða skipulag fyrir áningastað skammt frá Brúarfossi, í landi Hlaughtunga (L229945). Skipulagssvæðið er u.þ.b. 826m² að stærð.

Fyrir er á svæðinu malarplan ásamt aðkomuvegi. Landeigendur hafa lagt á bílastæðagjald og hyggjast nota ágóða þess til uppbyggingar á svæðinu, svo sem að leggja bundið slitlag á bílastæði, koma upp salernisaðstöðu og auka upplýsingagjöf, m.a. um hættur á svæðinu.

Aðstæður

Skipulagssvæðið er gróð land sem hallar lítilega til suðurs og einkennist af birkiskógi. Skógurinn er heilbrigður og er ekki á lista *Lands og skógar* yfir birkiskóga sem þurfa sérstaka vernd.

Svæðið er hluti "Suðurlandsundirlendis", frá Markarfljóti í austri að Hellisheiði í vestri, sem skilgreint er af Náttúrufræðistofnun Íslands sem mikilvægt fuglasvæði.

Brúará er hluti svæðis nr. 739, *Brúará* og *Brúarskórð*, á Náttúruminjaskrá. Svæðið nær "*frá upptökum í Brúarskórðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinna*". Þar kemur fram að Brúará sé lindá með óvenjulegum fossi og á vatnasvæði hennar sé fjölskrúðugur gróður og fuglalíf, auk tilkominikils landslags í Brúarskórðum. Skipulagið nær þó ekki til svæðis á Náttúruminjaskrá.

Engar byggingar eða önnur mannvirki eru á svæðinu að undanskildum aðkomuvegi, bílastæðaplani og malarbornum göngustíg.

Skipulagsgögn

Landa- og lóðamörk eru fengin úr landeignaskrá Þjóðskrár. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf. Skipulagið er teiknað í ISN 93 hnitakerfi.

Skipulagsskilmálar

Skipulagstillagan byggir á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027.

Í grein 2.4.8 *Stakar framkvæmdi*, segir meðal annars:

"Stakar framkvæmdir eru heimilar án þess að afmakra sérstaka landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér á eftir. Þetta gildir t.d. fyrir stök íbúðar- og fristundahús, fjarskiptamöstur og litlar virkjanir og vindrafstöðvar. Þá verður heimilt að útbúa áningarstaði, t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnissvæði."

Þar segir einnig:

"Þjónustuhús og kynningaraðstaða í bygð og á hálendinu. Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnissstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila" (kaflí 2.6).

Byggingarreitur er markaður við enda bílastæðaplansins og er staðsetning þjónustuhúss frjálss innan hans. Byggja má allt að 20m² þjónustuhús. Hámarks mænishæð er 5m, frá botnplötu og þakhalli er frjálss.

Þar sem svæðið er í náttúrulegum birkiskógi skal halda öllu óþarfa raski í algjöru lágmarki. Hvorki skal raska landi né gróðri meira en nauðsynlegt, er gott að miða við hámark 1m út frá götum og stigum en 2m út frá byggingum.

Þá skal halda raski í algjöru lágmarki og takmarka umfang jarðvegsskipta, vega- og bílastæðagerðar og grasflata eins og kostur er. Við uppröft skal leggja til hliðar og varðveita sérstaklega efsta lag jarðvegs, og nota það til yfirlagnar á röskuðu landi.

Heimilt er að setja upp upplýsinga- og leiðbeiningaskilti á svæðinu og eftir aðstæðum borð og bekk.



Skipulagsuppráttur, mkv. 1:500.

Efnis- og litaval mannvirka skal vera af náttúrulegum toga og taka mið af nærumhverfinu þannig að þau falli vel að umhverfi sínu.

Götur og stigar

Burðarhæfi aðkomuvegar og bílastæðaplana skal taka mið af kröfum Brunavarna Árnessýslu. Fyrirkomulag stiga miðast við aðstæður og skulu eftir því sem við verður komist vera aðgengilegir öllum.

Veitur og þjónusta

Gert er ráð fyrir að þjónustuhúsið tengist dreifikerfi RARIK. Raflagnir skulu, eftir því sem við verður komið, lagðar samhliða götum og stigum.

Neysluvatn verður sótt í vatnsveitu Efsta-Dals II.

Frárennsli skal leitt í lífrænt hreinsivirki. Tryggt aðgengi skal vera að hreinsivirkinu, til tæmingar og viðhalds.

Að öðru leyti skal fyrirkomulag veitu- og frárennsliskerfa vera í samræmi við reglugerð og leiðbeiningar sem um slíkar framkvæmdir gilda.

Sorp

Um sorphirðu fer eftir reglum sveitafélagsins hverju sinni.

Fornleifar


Í næsta nágrenni við skipulagssvæðið liggur Konungsvegurinn frá 1907. Framkvæmdir eru utan helgunarsvæðis vegarins, en núverandi stigur sameinast veginum nærri ánni.

Umhverfisáhrif

Skipulagssvæðið er í náttúrulegum birkiskógi. Til þess að bregðast við ágangi og átroðningi ferðamanna hefur landeigandi nú þegar þurft að leggja út malarpúða fyrir bíla og göngustiga á svæðinu sem skipulag þetta tekur mið af. Eiginlega viðbótin með skipulagi þessu er þjónustuhús og nauðsynleg stækkun bílastæða, sem gæti haft sjónræn áhrif. Skorður eru settar á stærð hússins, mænishæð, lita- og efnisval til þess að minnka umhverfisáhrif. Uppbyggingasvæðið er utan við helgunarsvæði Brúarár og Konungsvegur og ætti ekki að hafa áhrif á þau svæði.

Kynning tillögu á vinnslustigi

Tillaga á vinnslustigi var til kynningar frá 28. 5. - 19. 6. 2026. Umsagnir bárust frá Náttúruverndarstofnun, Brunavörnum Árnessýslu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands. Engar athugasemdir voru gerðar við tillögu á vinnslustigi.



Skipulagssvæðið sýnt á upprætti aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015-2027. Mk. 1:50.000

Deiliskipulag þetta sem hefur verið auglýst skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar

þann _____ 20 ____.

Deiliskipulag þetta var auglýst

frá _____

til _____

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20 ____.

- Skýringar
- Skipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Þjónustuhús (leiðbeinandi staðsetning)
- Hreinsivirki, (leiðbeinandi staðsetning)
- Vegur/plan
- Göngustígur
- Konungsvegur
- Verndarsvæði Brúarár
- Afmörkun helgunarsvæða

Bláskógabyggð	Verknr. 2025-07
Hlaughtunga	Mkv. 1:1000
Deiliskipulag áningastaðar við Brúarfoss	Blaðstærð A1
Samþykkt	Hnitakerfi ISN 93
	Dags. 15. 04. 2026



Landhönnun sif
Hermann Olafsson landslagsarkitektí FLA
Eyravegi 29 - 800 Selfoss
s. 482 3300, 896 1809 - landhonnun@landhonnun.is